

Ungt fólk 2010

Framhaldsskólanemar

Vímuefnanotkun framhaldsskólanema
á Íslandi árið 2010

Rannsókn meðal framhaldsskólanema
á Íslandi árið 2010

Samanburður rannsókna
frá 2000, 2004, 2007 og 2010



Ungt fólk 2010

Framhaldsskólanemar

Vímuefnanotkun framhaldsskólanema
á Íslandi

Rannsókn meðal framhaldsskólanema
á Íslandi árið 2010

Samanburður rannsókna
frá 2000, 2004, 2007 og 2010

Unnið fyrir:



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Rit þetta má ekki afrita með nokkrum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis Rannsóknna & greiningar.

© 2011 Rannsóknir & greining ehf

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Yfirlit yfir myndir	4
Yfirlit yfir töflur	4
Inngangsorð	5
Aðferð og gögn	7
Þátttakendur	7
Mælitæki	7
Framkvæmd og úrvinnsla gagna	7
Skólar sem tóku þátt í framhaldsskólarannsókninni haustið 2010.....	8
Vímuefnanotkun	9
Tóbaksnotkun	10
Reykingar	10
Notkun munn- og neftóbaks	12
Áfengisnotkun	13
Notkun um ævina	13
Ölvunardrykkja	15
Hvar neyta framhaldsskólanemar áfengis?	17
Ólögleg vímuefni	18
Neysla á kannabis	18
Neysla á amfetamíni	21
Neysla annarra ólöglegra vímuefna	22
Breytingar á neyslu ungmenna frá 10. bekk yfir í framhaldsskóla	23
Heimildaskrá	24

Yfirlit yfir myndir

Mynd 1. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2000, 2004, 2007 og 2010 sem segjast hafa prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina.....	10
Mynd 2. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2000, 2004, 2007 og 2010 sem segjast reykja sígarettur daglega.....	11
Mynd 3. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2007 og 2010 sem hafa neytt áfengis einu sinni eða oftar um ævina.....	13
Mynd 4. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2007 og 2010 sem hafa neytt áfengis einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga.....	14
Mynd 5. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2007 og 2010 sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftar um ævina.....	15
Mynd 6. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2000, 2004, 2007 og 2010.	16
Mynd 7. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem hafa notað hass einu sinni eða oftar um ævina, árin 2000, 2004, 2007 og 2010.....	18
Mynd 8. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2007 og 2010 sem hafa notað hass þrisvar sinnum eða oftar um ævina.....	19
Mynd 9. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem hafa notað marjúana einu sinni eða oftar um ævina og þrisvar sinnum eða oftar um ævina.	20
Mynd 10. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2007 og 2010 sem hafa notað amfetamín einu sinni eða oftar um ævina.	21
Mynd 11. Hlutfall stráka og stelpna framhaldsskólum á Íslandi árin 2007 og 2010 sem neytt hafa annarra ólöglegra vímuefna um ævina (E- töflur, LSD, Kókaín).	22
Mynd 12. Vímuefnaneysla nemenda í 10. bekk vorið 2010 og nemenda sem eru 16 ára og yngri í framhaldsskólum haustið 2010.	23

Yfirlit yfir töflur

Tafla 1. Munn- og neftóbaksnotkun framhaldsskólanema á Íslandi árið 2010.....	12
Tafla 2. Hlutfall framhaldsskólanema árin 2007 og 2010 sem segjast drekka áfengi, stundum eða oft, á tilteknum stöðum	17

Inngangsorð

Rannsóknirnar *Ungt fólk* eru rannsóknir á högum, líðan og aðstæðum ungs fólks sem gerðar hafa verið reglubundið allt frá árinu 1992 í mismunandi aldurshópum ungmenna. Nánar tiltekið meðal nemenda í 5. til 10. bekk og í öllum árgöngum framhaldsskóla. Rannsóknarmiðstöðin Rannsóknir & greining við Háskólann í Reykjavík framkvæmir rannsóknirnar en þær eru unnar að tilstuðlan og í samstarfi við aðila sem bera ábyrgð á uppeldi, þroska og umhverfi íslenskra ungmenna. Fyrsta rannsóknin af þessari gerð var unnin árið 1992 og hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið styrkt þær og staðið um þær vörð alla tíð síðan. Rannsóknirnar eru forsenda árangursríkrar stefnumótunar í málefnum barna og ungmenna. Á grunni þeirra hefur hér á landi tekist að skapa samstöðu í stefnumótun um málefni ungs fólks og byggja upp starf meðal þessa aldurshóps, sem eftir hefur verið tekið erlendis og hefur skipað Íslandi í forsæti í árangri forvarnarstarfs meðal ungmenna.

Fá samfélög hafa gengið í gegnum viðlíka umbreytingar á undanförunum árum og hið íslenska. Rannsóknir undanfarinna áratuga hafa leitt í ljós að örur þjóðfélagsbreytingar koma gjarnan niður á einingu samfélagsins. Það má því segja að það sé mikilvægara nú en nokkru sinni fyrr að hlúa vel að þeim kynslóðum sem á unga aldri hafa gengið í gegnum svo afdráttarlausar breytingar, kynslóðir sem koma til með að standa frammi fyrir vali um hvort íslenskt samfélag sé ákjósanlegur samastaður til framtíðar. Til þess að unnt sé að hefja þessa vegferð er brýnt að vita hver staðan er meðal íslenskra ungmenna nú árið 2010; afstaða þeirra og væntingar, og hvernig hún hefur þróast á undanförunum árum. Mikilvægt er að umræða og tillögur um framtíðarskipulag íslensks samfélags byggja á traustum rannsóknum. Í þessari skýrslu berum við saman niðurstöður rannsókna frá 2004, 2007 og 2010.

Rannsóknirnar *Ungt fólk* væru ekki framkvæmanlegar án samstarfs við skólafólk; bæði kennara og nemendur. Framlag skóla-

stjórnenda, kennara og nemenda í grunn- og framhaldsskólum landsins, aðstoð þeirra við fyrirlagnir og sú natni sem þeir gjarnan sýna í því að koma til okkar athugasemdum um hvað betur megi fara, er ómetanlegt. Við viljum þakka þeim sérstaklega góða samvinnu um þetta mikilvæga verkefni. Með rannsóknarröðinni *Ungt fólk* meðal framhaldsskólana, árin 2000, 2004, 2007, og 2010 hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið tryggt að hægt sé að vinna úr haldgóðum og sam-anburðarhæfum gögnum um hagi ungs fólk fyrir fjölmarga aðila. Starfsfólk Rannsókna & greiningar við Háskólann í Reykjavík hefur þannig undanfarin ár þjónustað fjölmörg félag og félagasamtök, svo sem íþrótt- og æskulýðsfélög, bæjarfélög og opinberar stofnanir, um áreiðanlegar úrvinnslur sem þegar hafa nýst til stefnumótunar á mörgum sviðum. Það er einlæg von okkar að geta áfram orðið að liði fyrir sem flesta, en mennta- og menningarmálaráðuneytið, í samvinnu við Rannsóknir & greiningu, hefur með rannsókninni *Ungt fólk 2010* tekið mikilvægt skref í átt að því að stuðla að aukinni þekkingu á málefnum æsku landsins.

Vímuefnanotkun ungmenna er staðreynd hér á landi eins og víðast hvar annars staðar í hinum vestræna heimi. Rannsóknir sýna ítrekað að notkun vímuefna, bæði ólöglegra og löglegra, er skaðleg ungu fólki og að líkur á að flosna upp úr námi og lenda í margvíslegum einstaklingsbundnum og/eða félag-slegum vanda aukast til muna ef vímuefnaneysla verður hluti af hinu daglega lífi ungs fólks. Einnig er sá lífsstíll sem fylgir notkun vímuefna óæskilegur og síst til þess fallinn að bæta hag unglinga hvort sem er við nám eða störf. Neysla löglegra vímuefna svo sem áfengis og tóbaks er þar engin undantekning. Til að sporna við þessari vá er nauðsynlegt að þeir sem tengjast lífi og starfi ungmenna taki höndum saman og vinni markvisst fyrsta stigs forvarnastarf með því að herja á vandamálið áður en neysla hefst. Miklu máli skiptir að sem flestir vinni saman að þessu markmiði svo sem foreldrar, kennarar og annað starfsfólk skóla, skipuleggjendur íþrótt- og tómstundastarfs, heilbrigðisstarfs-

fólk, ásamt stjórnámálamönnum og öðrum stefnumótunaraðilum. Til að þetta sé gerlegt þarf að kortleggja umfang notkunarinnar þannig að hægt sé að ráðast á garðinn þar sem hann er hæstur hverju sinni sem og í viðeigandi hópum ungmenna. Slíkt verður aðeins gert með nákvæmri rannsóknarvinnu sem byggð er á fræðilegri þekkingu.

Í skýrslunni er athyglinni beint að tóbaksnotkun framhaldsskólanema, þ.m.t. sígarettureykingum og notkun á munn- og neftóbaki. Þá er fjallað um áfengisnotkun og ölvunardrykkju og aðstæður áfengisneyslu skoðaðar. Einnig er fjallað um neyslu á ólöglegum vímuefnum. Niðurstöður eru greindar eftir aldri og kyni í fjórum hópum; stráka sem eru 18 ára eða eldri, stelpur sem eru 18 ára eða

eldri, stráka sem eru yngri en 18 ára, og stelpna sem eru yngri en 18 ára. Þá er gerð tímaraðagreining á nokkrum meginatriðum vímuefnaneyslu frá 2000, 2004, 2007 og 2010.

Eins og getið var um hér í upphafi þá hefur rannsóknamiðstöðin Rannsóknir & greining hefur sérhæft sig í rannsóknum á hógum og líðan ungs fólks undanfarin ár en fyrsta samþærilega rannsóknin á hógum og líðan nemenda í framhaldsskólum var gerð árið 1992. Það er því ljóst að mikið er til af samanburðarhæfum gögnum allt frá því ári og til dagsins í dag.

Myndirnar í skýrslunni sýna ávallt landsmeðaltal.

Aðferð og gögn

Rannsóknir Rannsókna & greiningar eru þýðisrannsóknir en í því felst að þær eru ekki byggðar á hefðbundnum úrtökum heldur er reynt að ná til sem flestra í úrtaksrámmanum innan þýðisins. Þetta er gert með því að leggja spurningalista fyrir alla nemendur sem mættir eru til dagsskóla á tilteknum degi með það að leiðarljósi lágmarka öryggismörk niðurstaðnanna.

Þátttakendur

Niðurstöður þær sem birtar eru í þessari skýrslu eru byggðar á könnunum sem Rannsóknir & greining lagði fyrir nemendur í framhaldsskólum á Íslandi í október árin 2000, 2004, 2007 og 2010. Þátttakendur voru þeir dagskólanemendur framhaldsskólanna sem mættir voru í kennslustundir á þeim tíma sem kannanirnar voru lagðar fyrir. Spurningalistar voru lagðir fyrir nemendur í öllum framhaldsskólum á Íslandi¹. Árið 2000 fengust gild svör frá 8.702 nemendum af heildarþýðinu, þar af voru 4.028 strákar og 4.615 stelpur, en 59 nemendur gáfu ekki upp kyn sitt. Svarhlutfall var 70,5% allra nemenda framhaldsskóla sem skráðir voru í kennslustundir á fyriragnartíma. Árið 2004 fengust gild svör frá 11.031 nemendum af þýðinu og voru strákar 5.279 en stelpur 5.617. Alls gáfu 135 ekki upp kyn sitt. Samkvæmt þessu var svarhlutfall 80,9% í könnuninni árið 2004. Árið 2007 fengust gild svör frá 11.229 nemendum af þýðinu (72,2% heildarsvarhlutfall). Strákar voru 5.405 en stelpur 5.690 en upplýsingar um kynferði vantar fyrir 134 þátttakendur. Nú árið 2010 var svarhlutfallið 70,5% eða 11.388 einstaklingar. Samtals eru því 42.350 einstaklingar í gagnagrunni Rannsókna & greiningar úr framhaldsskólum frá árunum 2000, 2004, 2007 og 2010. Hér er unnið með svör þeirra allra samtímis.

1 Þar sem í könnuninni er lögð áhersla á að kanna vímuefnaneyslu ungmenna á framhaldsskólaaldri voru nemendur í kvöldnámi eða fjarnámi undanskildir.

Mælitæki

Mælitæki þessara kannana eru ítarlegir spurningalistar sem hafa verið þróaðir mörg undanfarin ár, fyrst af starfsfólki Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála (RUM), en á síðari árum af Rannsóknum & greiningu við Háskólann í Reykjavík. Spurningarnar eru mótaðar af fagfólki í félagsvísindum þar sem farið er eftir ströngum kröfum um að þær geti af sér öruggar niðurstöður og að áreiðanleiki og réttmæti sé ávallt í fyrirrúmi. Spurningalistinn árið 2000 inniheldur 151 spurningu í mismunandi mörgum liðum á 45 blaðsíðum en listinn árið 2004 inniheldur 170 spurningar á 53 blaðsíðum. Árið 2007 voru spurningarnar alls 127 á 41 blaðsíðu og árið 2010 voru þær 110 talsins á 34 blaðsíðum. Kvarðar eru gjarnan notaðir sem svarmöguleikar til að auka réttmæti spurninganna. Svonefndur Likert-kvarði² er þar áberandi.


Framkvæmd og úrvinnsla gagna

Framkvæmd allra kannananna var þannig háttað að spurningalistar voru sendir til framhaldsskólanna þar sem kennarar sáu um að leggja þá fyrir og gerðu svo eftir ákveðnum fyrirmælum. Nafnleyndar þátttakenda var gætt með því að ítreka það fyrir nemendum að hvorki bæri að rita nafn né kennitölu á svarblöðin svo útilokað væri að rekja svörin til þeirra. Einnig voru nemendur vinsamlegast beðnir um að svara öllum spurningunum eftir bestu samvisku og að biðja um hjálp ef þörf var á. Í þessari skýrslu er fyrst og fremst unnið með tíðnitölur sem settar eru fram í myndum og töflum með hlutföllum og krosskeyrslum breyta. Of langt mál er að telja hér upp allar þær spurningar sem notaðar eru í skýrslunni eða hvernig einstakar breytur eru kóðaðar en áhugasömum er bent á að hafa samband við Rannsóknir & greiningu (www.rannsoknir@rannsoknir.is) ef nákvæmari skýringa er óskað.

2 Sjá nánar: De Vaus 2002.

Skólar sem tóku þátt í framhaldsskólarannsókninni haustið 2010

- | | |
|-----------------------------------|---|
| 1 Borgarholtsskóli | 2 Fjölbrautaskóli Vesturlands |
| Fjölbrautaskólinn við Ármúla | 3 Menntaskóli Borgarfjarðar |
| Fjölbrautaskólinn í Breiðholti | 4 Fjölbrautaskóli Snæfellinga |
| Kvennaskólinn í Reykjavík | 5 Menntaskólinn á Ísafirði |
| Menntaskólinn Hraðbraut | 6 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra |
| Verzlunarskóli Íslands | 7 Menntaskólinn á Tröllaskaga |
| Menntaskólinn í Reykjavík | 8 Menntaskólinn á Akureyri |
| Menntaskólinn við Hamrahlið | 9 Verkmenntaskólinn á Akureyri |
| Menntaskólinn við Sund | 10 Framhaldsskólinn á Laugum |
| Tækniskólinn skóli atvinnulífsins | 11 Framhaldsskólinn á Húsavík |
| Menntaskólinn í Kópavogi | 12 Menntaskólinn á Egilsstöðum |
| Fjölbrautaskólinn í Garðabæ | 13 Verkmenntaskóli Austurlands |
| Flensborgarskólinn í Hafnarfirði | 14 Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu |
| Iðnskólinn í Hafnarfirði | 15 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum |
| Framhaldsskólinn í Mofellsbæ | 16 Menntaskólinn að Laugarvatni |
| | 17 Fjölbrautaskóli Suðurlands |
| | 18 Fjölbrautaskóli Suðurnesja |



Vímuefnanotkun

Á Íslandi hefur samvinnukerfi, gjarnan kallað íslenska módelið, gefist vel í baráttunni við að sporna við vímuefnanotkun unglínga í efstu bekkjum grunnskóla. Íslenska módelið byggir á fræðilegum grunni þar sem áhersla er lögð á samvinnu rannsóknarfólks, stefnumótunaraðila og grasrótarfólks sem starfar með ungu fólki³. Þetta kerfi vísar til þess að mestur árangur náist í forvörnum með því að draga úr þekktum áhættuþáttum vímuefnanotkunar, en um leið að styrkja verndandi þætti svo sem mikilvægi foreldra, skóla og annarra stofnana í nærsamfélagi ungmenna. Rannsóknir sýna að hlutfall nemenda í efstu bekkjum grunnskóla sem segjast hafa orðið drukkknir á síðastliðnum 30 dögum, reykt eina sígarettu eða fleiri á dag og hafa prófað hass einhvern tíma um ævina lækkaði jafnt og þétt frá árunum 1997 – 2008⁴. Á móti hefur hlutfall ungmenna sem segjast eyða umtalsverðum tíma með foreldrum sínum utan skóla og um helgar hækkað sem og hlutfall þeirra sem segja að foreldrar þeirra viti hvar þeir eru á kvöldin. Stuðningur, aðhald og eftirlit, sem eru þrjú af megin áhersluatriðum íslenska módelisins hefur því aukist í nærsamfélagi unglínga⁵.

Rannsóknir hafa sýnt að þeir unglíngar sem verja miklum tíma með foreldrum sínum og tengjast þeim vel eru ólíklegri en aðrir unglíngar til að leiðast út í vímuefnanotkun lendi þeir í félagsskap þar sem vímuefnanotkun er algeng⁶. Einnig hafa rannsóknir leitt í ljós að að þeir unglíngar sem eiga í stöðugum jákvæðum samskiptum við foreldra sína og fá góðan stuðning frá þeim eru líklegri til að sýna betri árangur í námi en þeir sem fá ekki slíkan stuðning⁷ ásamt því að eignast frekar vini þar sem svipað samskiptamunstur er haft í heiðri⁸.

Yfirfærsla þess árangurs sem náðst hefur meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla yfir á nemendur framhaldsskólanna er aðkallandi verkefni. Þegar ungmenni halda í framhaldsskóla veikist oft það öryggisnet sem hefur umlukið þau á grunnskólaárunum. Foreldrasamstarf minnkar, félagahópur og félagslíf breytist ásamt því að brottfall úr skipulögðu íþróttu – og tólmundastarfi er talsvert á þessum árum⁹. Allt eru þetta þættir sem íslenska forvarnarmódelið hefur lagt ríka áherslu á að séu nýttir í vímuefnaforvörnum. Það er því verðugt verkefni að meta hvort sú forvarnarvinna sem reynst hefur vel meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla geti nýst meðal framhaldsskólanema.

Hér á eftir gefur að líta myndir sem sýna vímuefnanotkun framhaldsskólanema árið 2010 með völdum samanburði við árin 2000, 2004 og 2007.

3 Inga Dóra Sigfúsdóttir o.þ. (í prentun).

4 Inga Dóra Sigfúsdóttir o.þ. (2008).

5 Inga Dóra Sigfúsdóttir o.þ. (í prentun).

6 Bachman o.þ. 1987.


7 de Bruyn o.þ. 2003.

8 Þórólfur Þórindsson o.þ. 1998.

9 Álfgeir Logi Kristjánsson o.þ. 2005.

Tóbaksnotkun


Reykingar



Mynd 1. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2000, 2004, 2007 og 2010 sem segjast hafa prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina.

Mynd 1 sýnir það hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2000, 2004, 2007 og 2010 sem segjast hafa prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina. Myndin sýnir að heldur hefur dregið úr hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum sem segjast hafa prófað að reykja sígarettur á tímabilinu 2000, 2004 2007 og 2010 og á það við um báða aldursflokkana. Ef litið er til ársins 2000 þá voru alls 64,7% stráka og stelpna á framhaldsskólaaldri sem sögðust hafa prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina, en árið 2004 var þetta hlutfall 59,9%. Árið 2007 var hlutfallið um 56,6% en nú árið 2010 er það 51,9%. Í hópi stráka 18 ára og yngri voru 56,5% árið 2000 sem sögðust hafa prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina en 47% árið 2007 og 41,2% árið 2010. Hinsvegar sögðu 70,2%

stráka 18 ára og eldri hafa prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina en það hlutfall var komið niður í 68,5% árið 2007 og 65,9% árið 2010. Meðal stelpna 18 ára og yngri var hlutfall þeirra sem sögðust hafa prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina 59,6% árið 2000, en var komið niður í 47,6% árið 2007, lækkun sem nemur 12 prósentustigum. Nú árið 2010 mælist slík neysla meðal stelpna 18 ára og yngri 39,6%. Í hópi stelpna 18 ára og eldri voru um 73% sem sögðust hafa prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina árið 2000. Árið 2007 var þetta hlutfall komið niður í 66,1%, lækkun sem nemur um 6,9 prósentustigum. Nú árið 2010 mælist slík neysla hjá stelpum 18 ára og eldri 62,7%. Mesta hlutfallslega lækkunin virðist vera hjá stelpum 18 ára og yngri, þegar litið er til landsmeðaltals.



Mynd 2. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2000, 2004, 2007 og 2010 sem segjast reykja sigarettur daglega.

Mynd 2 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2000, 2004, 2007 og 2010 sem segjast reykja sigarettur daglega. Líkt og myndin sýnir þá má sjá að heldur hefur dregið úr því hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem segjast reykja sigarettur daglega, milli áranna 2000, 2004, 2007 og 2010. Á það við um báða aldursflokkan. Ef litið er til ársins 2000 þá voru alls 21% stráka og stelpna á framhaldsskólaaldri sem sögðust hafa prófað að reykja sigarettur einhvern tíma um ævina. Árið 2004 var þetta hlutfall um 18,3% hjá þessum sama hópi, árið 2007 um 16,1% og nú árið 2010 mælist slík neysla 11,8%. Meðal stráka 18 ára og yngri var hlutfall þeirra sem sögðust reykja sigarettur dag-

lega 18%, árið 2007 13,9% en árið 2010 rúm 8%. Hinsvegar sögðust 23,1% stráka 18 ára og eldri reykja sigarettur daglega árið 2000, en um 18,5% árið 2007. Árið 2010 sjáum við enn meiri lækkun og mælist slík neysla meðal stráka 18 ára og eldri rúmlega 14%. Í hópi stelpna 18 ára og yngri var hlutfall þeirra sem sögðust reykja sigarettur daglega um 17,9% árið 2000 en var komið niður í 12,8% árið 2007. Árið 2010 mælist neyslan tæp 9% í þessum aldurshópi. Í hópi stelpna 18 ára og eldri voru um 25,2% þeirra sem sögðust reykja sigarettur daglega árið 2000, en um 19,9% stelpna árið 2007, lækkun sem nemur um 5,3 prósentustigum. Árið 2010 mælist neyslan í þessum aldurshópi stelpna rúm 16%.

Notkun munn- og neftóbaks

Tafla 1. Munn- og neftóbaksnotkun framhaldsskólanema á Íslandi árið 2010


	Landsmeðaltal 2007				Landsmeðaltal 2010			
	Strákar		Stelpur		Strákar		Stelpur	
	U18	18+	U18	18+	U18	18+	U18	18+
Notað munntóbak 1x eða oftar um ævina	39,0%	56,6%	15,7%	23,0%	41,9%	59,1%	23,4%	36,3%
Notað munntóbak 1x eða oftar sl. 30 daga	24,8%	28,5%	4,4%	3,9%	26,0%	32,7%	9,3%	9,2%
Notað munntóbak 3x eða oftar sl. 30 daga	17,2%	20,8%	1,3%	1,4%	19,2%	25,0%	3,2%	3,0%
Notað neftóbak 1x eða oftar um ævina	51,4%	62,8%	33,0%	51,4%	46,8%	66,0%	25,9%	48,0%
Notað neftóbak 1x eða oftar sl. 30 daga	30,2%	32,4%	12,3%	13,2%	25,4%	27,9%	8,6%	11,3%
Notað neftóbak 3x eða oftar sl. 30 daga	19,4%	18,7%	3,9%	3,9%	16,2%	14,9%	2,5%	3,0%

Í töflu 1 má sjá hlutfall framhaldsskólanema sem hafa notað munn- eða neftóbak einhvern tíma um ævina og síðastliðna 30 daga árin 2007 og 2010. Fram kemur að strákar eru mun líklegri en stelpur til að hafa notað slíkt tóbak, hvort sem um er að ræða munn- eða neftóbak. Rúmlega 17% stráka undir 18 ára og tæplega 21% stráka 18 ára og eldri segjast hafa notað munntóbak þrisvar sinnum eða oftar á síðastliðnum 30 dögum árið

2007. Árið 2010 segjast rúmlega 19% stráka undir 18 ára, og 25% stráka 18 ára og eldri hafa notað munntóbak þetta oft. Töluvert fleiri hafa notað neftóbak en munntóbak þegar á heildina er litið, en þó virðist hafa dregið úr neyslu neftóbaks einu sinni eða oftar sl. 30 daga, en neyslan á neftbóki þrisvar sinnum eða oftar meðal stráka hefur hins vegar aukist á milli ára.

Áfengisnotkun


Notkun um ævina



Mynd 3. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2007 og 2010 sem hafa neytt áfengis einu sinni eða oftár um ævina.

Mynd 3 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2007 og 2010 sem neytt hafa áfengis einu sinni eða oftár um ævina. Eins og myndin gefur til kynna þá hafa hlutfallslega fleiri stelpur en strákar neytt áfengis einu sinni eða oftár um ævina og á það við um báða aldursflokkana og bæði árin. Það að hafa neytt áfengis einu sinni eða oftár um ævina verður líklegra með hækkandi aldri nemenda í framhaldsskóla. Alls hafa 79,6% stráka sem eru 18 ára og yngri neytt áfengis einu sinni eða oftár um ævina árið en um 93,7% stráka sem eru 18

ára og eldri, árið 2007. Ef hlutfall stelpna sem eru 18 ára og yngri er skoðað þá hafa um 84,9% þeirra neytt áfengis einu sinni eða oftár um ævina en um 95,8% þeirra sem eru 18 ára og eldri, árið 2007. Dregið hefur úr slíkri neyslu á milli ára og er það óháð kyni. Árið 2010 segjast 69,1% stráka undir 18 ára hafa neytt áfengis einu sinni eða oftár um ævina, en 90,6% stráka sem eldri eru. Meðal stelpna, þá segjast 74,7% stelpna undir 18 ára hafa neytt áfengis einu sinni eða oftár um ævina, en 93,1% þeirra sem eldri eru.




Mynd 4. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2007 og 2010 sem hafa neytt áfengis einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga.

Mynd 4 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2007 og 2010 sem hafa neytt áfengis einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga. Eins og myndin gefur til kynna þá hafa hlutfallslega fleiri stelpur en strákar neytt áfengis einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga. Áhugavert er að sjá að dregið hefur töluvert úr neyslu áfengis þetta oft og er það óháð kyni og gildir um báða aldursflokkana. Eins og myndin sýnir þá segjast 47,6% stráka sem eru undir 18 ára hafa neytt áfengis þetta oft árið 2010, en 61,9% árið 2007. Talsverð aukning verður á slíkri neyslu verður með hækkandi aldri,

en sjá má að 74,8% stráka sem eru 18 ára og eldri segjast neyta áfengis þetta oft árið 2010, en 81,3% árið 2007. Sömu þróun má greina meðal stelpna. Árið 2010 segjast 55,5% stelpna sem eru undir 18 ára hafa neytt áfengis einu sinni eða oftár undanfarna 30 daga, en 69,2% árið 2007. Ef litið er til stelpna sem eldri eru þá segjast 77,0% þeirra hafa neytt áfengis þetta oft árið 2010, en 82,5% árið 2007. Þessar niðurstöður gefa til kynna að stelpur í framhaldsskóla virðast frekar hafa neytt áfengis einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga en strákar og á það við um báða aldursflokkana.


Ölvunardrykkja



Mynd 5. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2007 og 2010 sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftár um ævina.

Mynd 5 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2007 og 2010 sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga. Eins og myndin gefur til kynna þá hafa hlutfallslega fleiri stelpur en strákar orðið ölvuðar einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga og á það við um báða aldursflokkan. Eins og myndin sýnir þá segjast 56,4% stráka undir 18 ára hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftár um ævina árið 2010 sem er minnkun frá 2007 þegar 64,2% sögðust hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftár um ævina. Eins má sjá örlitla lækkun í ölvunardrykkju meðal þeirra sem eldri eru.

Meðal stráka sem eru 18 ára og eldri segjast 85,9% hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftár um ævina árið 2010, en 88,5% árið 2007. Meðal stelpna má sjá sömu þróun. Rúmlega 61% stelpna undir 18 ára aldri segjast hafa orðið ölvuðar þetta oft árið 2010, en 70,6% árið 2007. Meðal þeirra sem eldri eru, þá segjast 89,2% hafa orðið ölvuðar þetta oft árið 2010, en 91,5% árið 2007. Þessar niðurstöður gefa til kynna að stelpur virðast frekar en strákar hafa orðið ölvuðar einu sinni eða oftár um ævina og á það við um báða aldursflokka.



Mynd 6. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, árin 2000, 2004, 2007 og 2010.

Mynd 6 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, árin 2000, 2004, 2007 og 2010. Eins og myndin gefur til kynna þá hefur talsvert dregið úr slíkri ölvun milli árána 2007 og 2010 og er það óháð kyni og aldri. Ef litið er til ársins 2000 höfðu alls um 63,5% nemenda í framhaldsskóla á Íslandi orðið ölvuð einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga. Árið 2007 var þetta hlutfall um 62,4% nemenda í framhaldsskóla en 55,2% árið 2010. Í hópi stráka undir 18 ára var hlutfall þeirra sem sögðust hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga um 57,5% árið 2000, en árið 2010 var þetta hlutfall um 40,4%. Meðal stráka 18 ára og eldri sögðust

um 72,1% hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga árið 2000, en árið 2007 var þetta hlutfall meðal um 74,6%. Árið 2010 segjast 68,7% stráka 18 ára og eldri hafa orðið ölvuð þetta oft. Hjá stelpum 18 ára og yngri var hlutfall þeirra sem sögðust hafa orðið ölvuð þetta oft árið 2000 um 59,3%, en var árið 2007 komið niður í 56,4%. Árið 2010 mælist neyslan í þessum aldurshópi 45%. Í hópi stelpna 18 ára og eldri voru um 65,8% sem sögðust hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga árið 2000. Árið 2010 segjast 67,9% stelpna 18 ára og eldri hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftár sl. 30 daga sem sýnir lítilsháttar aukningu frá árinu 2000.

Hvar neyta framhaldsskólanemar áfengis?

Tafla 2. Hlutfall framhaldsskólanema árin 2007 og 2010 sem segjast drekka áfengi, stundum eða oft, á tilteknum stöðum.


	Landsmeðaltal 2007				2007	Landsmeðaltal 2010				2010
	Strákar		Stelpur			Strákar		Stelpur		
	U18	18+	U18	18+	Alls	U18	18+	U18	18+	Alls
Heima hjá mér	12,3%	41,3%	10,8%	37,8%	24,5%	9,2%	38,7%	8,9%	38,4%	24,3%
Heima hjá öðrum	44,0%	71,8%	55,3%	78,6%	61,8%	35,6%	71,6%	45,7%	77,7%	57,7%
Í bænum	31,2%	63,3%	35,5%	64,4%	47,6%	27,9%	64,5%	35,2%	67,8%	48,6%
Annars staðar úti við	28,5%	37,9%	27,9%	54,6%	30,7%	22,5%	41,5%	24,2%	34,8%	30,8%
Á skemmti-stað	25,7%	64,5%	32,9%	68,9%	46,7%	25,6%	64,9%	34,5%	70,2%	48,7%
Á pöbb eða kaffihúsi.	16,0%	51,5%	18,6%	51,1%	33,2%	16,6%	52,1%	18,0%	50,4%	34,4%
Fyrir framhaldsskólaball	43,8%	61,0%	52,6%	58,0%	53,6%	32,6%	53,1%	40,6%	55,3%	44,3%
Á framhaldsskólaballi	14,4%	21,1%	10,8%	37,8%	24,5%	13,1%	18,5%	10,7%	12,9%	13,5%

Í töflu 2 getur að líta hlutfallslegan fjölda framhaldsskólanema sem segjast drekka áfengi stundum eða oft á tilteknum stöðum árin 2007 og 2010. Sambærilegar upplýsingar hafa reynst vel í fornavinnu meðal grunnskólanema. Líkt og þar segjast flestir neyta áfengis stundum eða oft *heima hjá öðrum* eða tæplega 62% árið 2007, en tæp

58% árið 2010. Næstflestir framhaldsskólanema segjast neyta áfengis stundum eða oft *fyrir framhaldsskólaball* eða tæplega 54% árið 2007, en rúm 44% árið 2010. Tæp 25% segjast neyta áfengis stundum eða oft á framhaldsskólaballi árið 2007, en tæp 14% árið 2010.

Ólögleg vímuefni


Neysla á kannabis



Mynd 7. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem hafa notað hass einu sinni eða oft um ævina, árin 2000, 2004, 2007 og 2010

Mynd 7 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem hafa notað hass einu sinni eða oft um ævina, árin 2000, 2004, 2007 og 2010. Eins og myndin gefur til kynna þá hefur dregið úr neyslu hass þetta oft og er það óháð kyni og aldri. Ef litið er til ársins 2000 þá höfðu alls um 22,8% nemenda í framhaldsskóla á Íslandi neytt hass einu sinni eða oft um ævina, en um 22,6% árið 2004. Árið 2007 var þetta hlutfall um 18,3% nemenda í framhaldsskóla. Árið 2010 segjast um 12% nemenda í framhaldsskóla hafa notað hass einu sinni eða oft um ævina. Í hópi stráka 18 ára og yngri var hlutfall þeirra sem sögðust hafa neytt


hass þetta oft um ævina um 19% árið 2000, árið 2007 tæplega 12%, en árið 2010 8,5%. Hjá strákum 18 ára og eldri sögðust um 37,5% hafa notað hass þetta oft árið 2000, árið 2007 var þetta hlutfall í kringum 32,7%, en árið 2010 21,3%. Meðal stelpna 18 ára og yngri var hlutfall þeirra sem sögðust hafa notað hass einu sinni oft um ævina um 12,7% árið 2000, en 5,4% árið 2010. Í hópi stelpna 18 ára og eldri voru um 24,2% þeirra sem sögðust hafa notað hass einu sinni eða oft um ævina árið 2000, en 14,2% árið 2010. Dregið hefur úr neyslu hass einu sinni eða oft um ævina meðal beggja kynja og í báðum aldursflokkum.



Mynd 8. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2007 og 2010 sem hafa notað hass þrisvar sinnum eða oftár um ævina.

Mynd 8 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2007 og 2010 sem hafa notað hass þrisvar sinnum eða oftár um ævina. Eins og myndin gefur til kynna þá virðast hlutfallslega fleiri strákar en stelpur hafa notað hass þetta oft um ævina og á það við um báða aldursflokkana og bæði árin. Alls hafa um 6,1% stráka undir 18 ára notað hass þrisvar sinnum eða oftár um ævina árið 2007, en tæp 5% árið 2010. Meðal þeirra stráka sem eldri eru, þá sögð-

ust tæplega 21% hafa notað hass þetta oft árið 2007, en rúmlega 12% árið 2007. Ef litið er til stelpna sem eru yngri en 18 ára þá hafa rúm 4% þeirra notað hass þetta oft um ævina árið 2007, en tæp 3% árið 2010. Meðal þeirra stelpna sem eldri eru þá segjast tæp 14% hafa notað hass þetta oft árið 2007, en tæp 8% árið 2010. Talsverð aukning virðist vera á neyslu hass meðal beggja kynja með hækkandi aldri, en þó hefur dregið verulega úr slíkri neyslu á milli ára.




Mynd 9. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem hafa notað marjúana einu sinni eða oftár um ævina og þrisvar sinnum eða oftár um ævina.

Mynd 9 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem hafa notað marjúana einu sinni eða oftár um ævina og þrisvar sinnum eða oftár um ævina árið 2010. Eins og myndin gefur til kynna þá eykst neyslan nokkuð með hækkandi aldri og á það við um bæði kynin. Neyslan er þó meiri meðal stráka en stelpna. Þannig segja 22,2% stráka yngri en 18 ára í framhaldsskólum á Íslandi að þeir hafi notað marjúana einu sinni eða oftár um ævina borið saman við 9,7% stelpna yngri en 18 ára. Meðal eldri nemenda sögðu 41,5% stráka en 22,1%

stelpna að þau hefðu neytt marjúana að minnsta kosti einu sinni um ævina. Færri segjast hafa notað marjúana þrisvar sinnum eða oftár um ævina, en þó eykst slík neysla jafnframt með hækkandi aldri og er meiri meðal stráka en stelpna. Eins og myndin sýnir þá segjast 16,5% stráka yngri en 18 ára hafa notað marjúana þetta oft, en 31,8% stráka sem eru 18 ára og eldri. Meðal stelpna yngri en 18 ára þá segjast 6,7% þeirra hafa notað marjúana þetta oft, en 14,8% stelpna sem eldri eru.

Neysla á amfetamíni




Mynd 10. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2007 og 2010 sem hafa notað amfetamín einu sinni eða oft um ævina.

Mynd 10 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2007 og 2010 sem hafa notað amfetamín einu sinni eða oft um ævina. Eins og myndin gefur til kynna þá hafa hlutfallslega fleiri strákar en stelpur hafa notað amfetamín þetta oft um ævina og á það við um báða aldursflokkana. Alls höfðu rúmlega 5% stráka undir 18 ára notað amfetamín einu sinni eða oft um ævina árið 2007, en tæp 7% árið 2010. Meðal eldri stráka segjast 15% hafa notað

amfetamín einu sinni eða oft um ævina og á það við um bæði árin. Ef horft er til stelpna sem eru yngri en 18 ára segjast tæp 4% þeirra hafa notað amfetamín einu sinni eða oft um ævina. Meðal þeirra sem eldri eru, segjast rúm 10% hafa notað amfetamín einu sinni eða oft um ævina árið 2007, en rúm 9% árið 2010. Talsverð aukning virðist vera á neyslu amfetamíns þetta oft meðal beggja kynja með hækkandi aldri.


Neysla annarra ólöglegra vímuefna



Mynd 11. Hlutfall stráka og stelpna framhaldsskólum á Íslandi árin 2007 og 2010 sem neytt hafa annarra ólöglegra vímuefna um ævina (E-töflur, LSD, Kókaín).

Mynd 11 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2007 og 2010 sem hafa neytt annarra ólöglegra vímuefna um ævina (E-töflur, LSD, Kókaín). Það sama er uppi á teningnum hér og þegar neysla hass og amfetamíns er skoðuð. Eins og myndin gefur til kynna þá virðast hlutfallslega fleiri strákar en stelpur hafa neytt annarra ólöglegra vímuefna um ævina og á það við um báða aldursflokkana og slík neysla eykst með hækkandi aldri. Alls hafa tæp 3% stráka

undir 18 ára notað önnur ólögleg vímuefni um ævina árið 2007, en tæp 6% árið 2010. Meðal eldri stráka þá segjast rúm 12% þeirra hafa neytt annarra ólöglegra vímuefna um ævina. Ef litið er til stelpna sem eru yngri en 18 ára þá hafa um 3% þeirra neytt annarra ólöglegra vímuefna um ævina, en rúm 8% stelpna sem eru 18 ára og eldri. Lítil breyting virðist vera á neyslu ólöglegra vímuefna á milli ára.

Breytingar á neyslu ungmenna frá 10. bekk yfir í framhaldsskóla

Mynd 12. Vímuefnaneysla nemenda í 10. bekk vorið 2010 og nemenda sem eru 16 ára og yngri í framhaldsskólum haustið 2010.

Mynd 12 sýnir vímuefnaneyslu nemenda í 10. bekk vorið 2010 og nemenda sem eru 16 ára og yngri í framhaldsskólum haustið 2010. Hér er því verið að bera saman nánast sama hópinn á tveimur mismunandi tímum að frátöldum þeim sem hafa hætt námi að 10. bekk loknum eða hætt í framhaldsskóla snemma um haustið. Um það bil 7 mánuðir eru á milli mælinganna. Niðurstöður sýna að litlu fleiri fyrsta árs nemar í framhaldsskólum reykja daglega en nemendur í 10. bekk vorið fyrir framhaldsskóla. Eins og myndin sýnir þá segjast 7,0% nemenda í 10. bekk reykja daglega vorið 2010, en 7,9% nemenda sem eru 16 ára eða yngri í framhaldsskóla haust-

ið 2010. Myndin sýnir einnig ölvun síðastliðna 30 daga hjá hópnum tveimur. Niðurstöður þar eru á þann veg að ölvunardrykkja eykst verulega á þessu tímabili. Um 14% nemenda í 10. bekk vorið 2010 segjast hafa orðið ölvadír einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, en 33,3% yngstu nemenda í framhaldsskóla haustið 2010. Vert er að gefa þessum niðurstöðum sérstakan gaum. Enginn munur er hins vegar á hópnum tveimur þegar könnuð er neysla hass um ævina. Um 6% nemenda í 10. bekk vorið 2010 segjast hafa notað hass um ævina, sem er sama hlutfall og mælist meðal nemenda á 1. ári í framhaldsskóla.

Heimildaskrá

- Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2005).
 Vímuefnanotkun ungmenna í framhaldsskólum. Reykjavík: Rannsóknir og greining.
- Bachman, J.D., Johnston, L.D. og O'Malley, P.M. (1987). Monitoring the future. Ann Arbor: Institute for Social Research.
- de Bruyn, E.H., Dekovic, M. og Meijnen, G.W. (2003). Parenting, goal orientations, classroom behavior, and social success in early adolescence. *Journal of Applied Developmental Psychology*, 24 (4), 393-412.
- De Vaus, D. (2002). *Surveys in Social Research* (5. útgáfa). London: Routledge.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Þórólfur Þórlindsson, Álfgeir Logi Kristjánsson, Roe, K.M. og Allegante, J.P. (í prentun). Substance use prevention for adolescents: The Icelandic Model. Health Promotion International.
- Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson. (1998). *Vímuefnaneysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis og menntamála.

Það er hverri þjóð mikilvægt að eiga til faglegar, samanburðarhæfar langtímarannsóknir um líðan, viðhorf og aðstæður barna og ungmenna á hverjum tíma.

Frá árinu 1992 hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið stuðlað að því að gerðar hafa verið faglegar samanburðarhæfar rannsóknir á högum, líðan og aðstæðum barna og ungmenna hér á landi undir heitinu *Ungt fólk*.

Æskulýðsrannsóknirnar *Ungt fólk* eru gerðar meðal nemenda í 5. til 10. bekk í öllum grunnskólum og í öllum árgöngum framhaldsskóla landsins.

Spurningalistar eru lagðir fyrir nemendur óháð búsetu. Það gefur rannsóknunum mikið vægi að leggja spurningalistana fyrir í öllum skólum og gerir m.a. að verkum að hægt er að nota niðurstöður við stefnumótun í málefnum barna og ungmenna hér á landi, bæði í heild, á einstökum landssvæðum og jafnvel í einstökum sveitarfélögum. Niðurstöður er varða menntun, menningarneyslu og menningarþátttöku, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn eru unnar fyrir ráðuneytið, gerðar aðgengilegar og kynntar almenningi og hagsmunaðilum.

Við undirbúning og framkvæmd rannsókna *Ungt fólk* hefur tekist mjög gott og farsælt samstarf við starfsfólk skóla og sveitarfélaga, sem hafa séð með hvaða hætti er hægt að nýta niðurstöður þeirra til stefnumótunar og frekari umbóta.



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY



RANNSÓKNIR & GREINING EHF